



Fjölskyldusvið
Húnaþings vestra
Hvammstangabraut 5,
530 Hvammstanga
Sími 455-2400

Reglur um veitingu samfélagsviðurkenninga í Húnaþingi vestra

(Drög)

1. Markmið

Samfélagsviðurkenningar Húnaþings vestra eru veittar til að heiðra einstaklinga sem hafa lagt samfélaginu sérstakt lið, stuðlað að jákvæðri þróun í sveitarfélaginu eða skarað fram úr á sínu sviði.

Viðurkenningarnar eru ætlaðar að efla samfélagsanda, hvetja til jákvæðra verka og sýna þakklæti fyrir framlag til samfélagsins. Ein viðurkenning er veitt á ári.

2. Flokkar viðurkenninga

1. Framlagsviðurkenning

Veitt fyrir langtíma eða markvert framlag til samfélagsins, t.d. á sviði menningar, félagsmála, umhverfismála, þjónustu við íbúa o.fl.

2. Íþróttá- og afreksviðurkenning

Veitt fyrir eftirtektarverðan árangur eða stuðning við uppbyggingu íþróttastarfs.

3. Ungmenni ársins

Veitt ungum íbúa sem hefur sýnt frumkvæði, félagslega ábyrgð, góðan árangur eða jákvæð áhrif á samfélagið.

4. Atvinnuveitandi/fyrirtæki ársins

Veitt fyrir jákvæð áhrif á atvinnulíf, samfélagslega ábyrgð eða framúrskarandi þjónustu.

5. Heiðursborgari

Sérstök viðurkenning sem aðeins er veitt í undantekningartilvikum fyrir einstakt og varanlegt framlag til samfélagsins.

3. Réttur til tilnefninga

- Allir íbúar Húnaþings vestra geta sent inn tilnefningar.
- Stofnanir, félög, fyrirtæki og nefndir sveitarfélagsins geta einnig tilnefnt.
- Sveitarstjórn og nefndir hennar geta óskað sérstaklega eftir tilnefningum ef tilefni er til.



Fjölskyldusvið
Húnaþings vestra
Hvammstangabraut 5,
530 Hvammstanga
Sími 455-2400

4. Framkvæmd tilnefninga

- Tilnefningar skulu berast á rafrænu formi í gegnum heimasíðu sveitarfélagsins eða skriflega með bréfi.
- Tilnefning skal innihalda:
 - Nafn tilnefnds
 - Flokk viðurkenningar
 - Rökstuðning fyrir tilnefningu
 - Nafn og upplýsingar um þann sem tilnefnir.
- Tilnefningarfrestur skal auglýstur opinberlega með minnst tveggja vikna fyrirvara.

5. Mat og val

- Félagsmálaráð fer yfir tilnefningar.
- Félagsmálaráð skal meta framlag, áhrif á samfélagið, sérstöðu og gæði verks eða afreks.
- Félagsmálaráð gerir tillögu til sveitarstjórnar sem tekur endanlega ákvörðun.
- Einungis er veitt ein viðurkenning og skal það gera ár hvert.
- Ef engin tilnefning uppfyllir skilyrði getur félagsmálaráð og/eða sveitarstjórn ákveðið að veita ekki viðurkenningu það árið.

6. Afhending viðurkenninga

- Viðurkenningar skulu jafnan afhentar á sérstakri athöfn á vegum Húnaþings vestra, t.d. á hátíðisdögum, árlegum viðburðum eða á fundi sveitarstjórnar.
- Við afhendingu skal kynna framlag viðkomandi og rökstuðning nefndar.
- Viðurkenning felur í sér heiðursskjal og/eða táknræna gjöf.

7. Gildistaka

Reglur þessar öðlast gildi við samþykkt sveitarstjórnar og skulu endurskoðaðar ef þörf krefur.